

## Hreinsun rotþróa

Árleg hreinsun rotþróa í Dalabyggð fer nú fram í fyrri hluta júnímánaðar. Þetta árið verður hreinsað í Suðurdölum og Haukadal.

Árið 2015 verður hreinsað í Laxárdal, Skarðsströnd og Saurbæ og árið 2016 á Skógarströnd, Hvammssveit og Fellsströnd.

Til þess að hreinsun geti gengið auðveldlega fyrir sig þurfa húseigendur að tryggja óheft aðgengi að lóðum sínum og sjá til þess að hlið séu ólæst. Til að hægt sé að fjarlægja seyru úr öllum hólfum rotþróar þarf að lágmarki að vera 4 tommu (10 cm) stútar á öllum hólfum hennar. Nauðsynlegt er einnig að merkja staðsetningu rotþróar vel t.d. með veifu eða flaggi, til að auðvelda hreinsunarverktakanum að finna þær.

Rotþróarhreinsunin er innifalin í árgjaldi sem sveitarfélagið innheimtir samhliða fasteignagjöldum og tekur gjaldið mið af því að um sé að ræða eina losun á þriggja ára fresti.

Ef íbúar í Laxárdal, Skarðsströnd, Saurbæ, Skógarströnd, Hvammssveit eða Fellsströnd telja brýnt að hreinsað verði nú í ár er þeim bent á að óska eftir því með tölvupósti á netfangið [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is) eða hringja á skrifstofu sveitarfélagsins.

Áskilin er réttur til að innheimta sérstaklega fyrir auka-hreinsun meti verktaki hreinsun ótímabæra.

## Timbur- og járngámar

Gámar fyrir járn og timbur verða staðsettir á eftirtöldum stöðum eftirfarandi daga.

Vikuna 18.- 24. júní í Saurbæ, Hvammssveit og á Skarðsströnd.

Vikuna 25. júní – 1. júlí á Fellsströnd og í Laxárdal.

Vikuna 2. - 8. júlí í Haukadal, Miðdölum og Hörðudal.

Vikuna 9. – 15. júlí á Skógarströnd.



# Dalapósturinn

8. tölublað, 7. árgangur  
30. maí 2014

## Sveitarstjórnarkosningar 31. maí

### Kjörfundur

Kjörfundur í Dalabyggð vegna sveitarstjórnarkosninga verður haldinn laugardaginn 31. maí 2014 kl. 10-22 í Héraðs-bókasafni Dalasýslu, Miðbraut 11, Búðardal.

Kjósendum ber að framvísa persónuskilríkjum á kjörstað.

Allir kjósendur í Dalabyggð eru í kjöri, nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því. Samkvæmt þessu hefur Guðrún Þóra Ingþórsdóttir á Háafelli skorast undan að taka kjöri.

### Áhugasamir

Eftirtaldir höfðu lýst yfir áhuga á að starfa í sveitarstjórn Dalabyggðar á hádegi fimmtudaginn 29. maí.

Þorkell Cýrusson, Stekkjarhvammi 10, Búðardal

Sigurður Bjarni Gilbertsson, Borgarbraut 1, Búðardal

Katrín Lilja Ólafsdóttir, Vesturbraut 10, Búðardal

Jóhannes H. Hauksson, Bakkahvammi 9, Búðardal

Ingveldur Guðmundsdóttir, Stórholti, Saurbæ

Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Ytri-Fagradal, Skarðsströnd

Eypór Jón Gíslason, Brekkuhvammi 10, Búðardal

Eva Björk Sigurðardóttir, Lækjarhvammi 5, Búðardal

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

## Kjörseðill

Rétt útfylltur kjörseðill í Dalabyggð innheldur nöfn sjö aðalmanna og sjö varamanna.

Ef kjósandi ritar of mörg nöfn aðalmanna telst atkvæðið ógilt. Atkvæðið er hins vegar gilt þó ekki sé ritaður fullur fjöldi aðal- eða varamanna. Atkvæði er gilt þótt vanti fornafn eða eftirnafn ef enginn vafi er á við hvern er átt.

Æskilegt er að kjósandi sé búinn að ákveða hvernig hann kys áður en hann mætir á kjörstað til að geta ritað rétt nöfn og heimili þeirra aðal- og varamanna sem hann hyggst greiða atkvæði. Ekkert er því til fyrirstöðu að kjósandi riti slíkar upplýsingar á blað sér til minnis og hafi það sér til stuðnings í kjörklefa á meðan hann greiðir atkvæði.

Á efri hluta seðilsins skal rita með prentstöfum fullt nafn og heimilisfang sjö aðalmanna.

Á neðri hluta seðilsins skal rita með prentstöfum nafn og heimilisfang sjö varamanna í þeirri röð sem kjósandi kys að þeir taki sæti.

| Kjörseðill við sveitarstjórnarkosningar í Dalabyggð 31. maí 2014 |                    |
|--|--------------------|
| Aðalmenn   |                    |
| Nafn _____   | Heimilisfang _____ |
| Nafn _____   | Heimilisfang _____ |
| Nafn _____   | Heimilisfang _____ |
| Nafn _____   | Heimilisfang _____ |
| Nafn _____   | Heimilisfang _____ |
| Nafn _____   | Heimilisfang _____ |
| Nafn _____   | Heimilisfang _____ |
| Nafn _____   | Heimilisfang _____ |
| Varamenn   |                    |
| 1. Nafn _____  | Heimilisfang _____ |
| 2. Nafn _____  | Heimilisfang _____ |
| 3. Nafn _____  | Heimilisfang _____ |
| 4. Nafn _____  | Heimilisfang _____ |
| 5. Nafn _____  | Heimilisfang _____ |
| 6. Nafn _____  | Heimilisfang _____ |
| 7. Nafn _____  | Heimilisfang _____ |
| Nafn _____   | Heimilisfang _____ |

## Skoðanakönnun um sameiningu sveitarfélaga

Samhliða sveitarstjórnarkosninum fer fram skoðanakönnun meðal íbúa varðandi afstöðu þeirra til sameiningar við önnur sveitarfélög.

### Spurning A.

Vilt þú að sveitarstjórn Dalabyggðar kanni áhuga nágranna-sveitarfélaga á sameiningu við Dalabyggð á kjörtímabilinu 2014-2018?

*Krossað við Já eða Nei*

### Spurning B.

Hvaða sameingarkostur finnst þér vænlegastur ef af sameiningarviðræðum verður?

*Krossað við einn eða fleiri valkosti eða skrifa eigin hugmynd.*

- Reykhólahreppur
- Reykhólahreppur og Strandabyggð
- Húnaþing vestra
- Borgarbyggð
- Stykkishólmsbær
- Vesturland
- Annað

Könnunin verður ráðgefandi fyrir næstu sveitarstjórn, sem vinna mun úr niðurstöðunni í samvinnu við önnur sveitarfélög og í samræmi við 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

## Sumarstörf á Silfurtúni

Óskað er eftir starfsfólki á Dvalar- og hjúkrunarheimlið Silfurtún í afleysingarstörf í sumar og fram á haust 2014.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum launaneftdar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Eypór J. Gíslason rekstrarstjóri í síma 898 1251.